

Minnisblað

Efni: Fjölmíðlaþjónusta í almannabágu

Í Noregi hefur TV 2 verið útnefnt sem fjölmíðill starfandi í almannabágu. Á þeim grundvelli fær TV 2 ríkisstyrk, sem talinn er samræmast ríkisstyrkjareglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Ræðst þetta af því að í kjölfar útnefningarinnar var gerður samningur við TV2 um almannaðjónustuhlutverk, sem taldist falla undir svokallaða SGEI ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB um heimila ríkisstyrki. Stuðningurinn nýtur þannig svokallaðrar hópundanþágu, sbr. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 13. desember 2019.¹

Endurgjald vegna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (e. services of general economic interest – SGEI) getur falið í sér ríkisaðstoð. Í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins er fjallað um slíka þjónustu og þar segir að reglur samningsins gildi um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, að því marki sem beiting reglnanna kemur ekki í veg fyrir að þau geti leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin.

Hér er um að ræða efnahagslega starfsemi sem hefur verið skilgreind af hálfu hins opinbera sem mikilvæg í þágu almennings og sem telja má að yrði ekki veitt, eða ekki veitt undir sömu skilyrðum, án aðkomu hins opinbera (ríkis eða sveitarfélags). Gjarnan er um að ræða þjónustu sem hinu opinbera er skylt að veita.

Heildarregluverk um ríkisaðstoð í tengslum við endurgjald sem greitt er fyrir starfrækslu þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, svonefndur SGEI-pakki (e. state aid package for SGEI), samanstendur af fjórum EES gerðum².

Í minnisblaði þessu verður ákvörðun ESA um meintan ólöglegan ríkisstyrk til TV2 reifuð og í framhaldinu lagt mat á hvort hluti af starfsemi Sýnar gæti talist í almannabágu og þar með verið styrkhæf á grundvelli SGEI ákvörðunarinnar.

1. Atvik málsins

TV2 er í eigu dönsku fjölmíðlasamsteypunnar Egmont International Holding A/S og er stærsta einkarekna sjónvarpsstöðin í Noregi. TV2 heldur úti einni aðal sjónvarpsstöð en einnig nokkrum öðrum stöðvum, sem beinast að tilteknum markhópum, svo sem fréttastöð, lífsstílsstöð og sportstöð. TV2 heldur einnig úti streymisveitunni TV2 Sumo, sem er áskriftarveita.

Í september 2018 tók menntamálaráðuneyti Noregs ákvörðun um að útnefna TV2 með hlutverk í almannabágu og gerði samhliða samning við sjónvarpsstöðina þar um. Samkvæmt samningnum skuldbindur TV2 sig til að veita eftirfarandi fjölmíðlaþjónustu í almannabágu:

- Daglega fréttþjónustu (eigin framleiðsla), sem nær til alls landsins, þar með talið íþróttafréttir
- Vikulega tungumálakennslu til ungmenna (samtals 72 klst. á ári) auk annarra þátta sem beint er að ungu fólki (samtals 20 klst. á ári)
- Fyrstu sýningar á norskum bíómyndum og sjónvarpsþáttum. TV2 skuldbindur sig til að fjárfesta fyrir minnst NOK 250 milljónir á samningstímanum, sem er fimm ár.

Skuldbindingin nær til þess að senda út þjónustu í almannabágu gegnum aðal sjónvarpsstöð sína og skal hún ná til í það minnsta 95% af heimilum í Noregi.

¹ sjá: <https://www.eftasurv.int/cms/sites/default/files/documents/gopro/5182-Service%20letter%20rejecting%20a%20complaint%20re%20TV%202.pdf>

² Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/rikisadstod/endurgjald-vegna-thjonustu/>

Gagngjaldið (ríkisstyrkurinn) fyrir framangreinda þjónustu í almannabágu nemur allt að NOK 135 milljónum á ári og á sú fjárhæð að dekkja nettó kostnað við að veita þjónustuna auk hæfilegrar álagningar. Þessu fylgir skylda til bókhaldslegs og fjárhagslegs aðskilnaðar á almannabjónustu frá annarri þjónustu fyrirtækisins.

Var það niðurstaða ESA að um þjónustu í almannabágu væri að ræða sem ekki yrði haldið úti nema TV2 fengi ríkisstyrkinn. Þá félli styrkurinn undir gr. 2(1)(a) í SGEI ákvörðuninni, en þar segir m.a. að undir endurgjald fyrir þjónustu í almannabágu falli: *"compensation not exceeding an annual amount of EUR 15 million for the provision of services of general economic interest in areas other than transport and transport infrastructure"*. Endurgjaldið skv. samningnum væri NOK 135 milljónir per ár, sem var lægri fjárhæð en EUR 15 milljónir. Auk þess væri leiðréttingar fyrirkomulag í samningnum ef gengisbreytingar leiddu til þess að fjárhæðin færi yfir EUR 15 milljónir. Þá væri samningstíminn 5 ár sem rúmast einnig innan ákvörðunarinnar. Jafnframt væru önnur skilyrði ákvörðunarinnar uppfyllt. Samningurinn í heild sinni félli því undir hópundanþágu skv. SGEI ákvörðuninni.

2. Gæti þjónusta Miðla Sýnar talist í almannabágu?

Ljóst er að fréttastofa Stöðvar2, Bylgjunnar og Vísis, heldur úti þjónustu sem er sambærileg þeirri fréttabjónustu sem TV2 annast og fær ríkisstuðning fyrir. Þjónusta fréttastofu Stöðvar2, Vísis og Bylgjunnar stuðlar að fjölbreytni og fjölræði í fréttaflytningi á ljósvakamiðlum. Án hennar væri eingöngu fréttastofa RÚV starfandi á ljósvakamiðlum, sem væri afleitt fyrir lýðræðislega umræðu og nauðsynlegt aðhald fjölmiðla.

Virðist ekkert því til fyrirstöðu að íslenska ríkið tilnefni Sýn með almannabjónustuhlutverk og geri í framhaldinu samning við fyrirtækið hliðstæðan þeim sem gerður hefur verið við TV2 í Noregi. Myndi slíkur samningur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, falla undir hópundanþágu SGEI ákvörðunarinnar með sama hætti og í Noregi. Þá kann að vera nauðsynlegt að skjóta lagastoð undir fyrirkomulagið, en skv. gildandi lögum er Ríkisútvarpið eini fjölmiðillinn sem lögum samkvæmt hefur almannabjónustuhlutverk.

Einnig kemur til álita að framleiðsla Sýnar í innlendu gæðaeefni til fyrstu sýninga í sjónvarpi falli undir skilyrði SGEI ákvörðunarinnar. Sama gæti átt við um gæða barnaeefni sem talsett er af Sýn.

Reykjavík, 5. mars 2025 / PÁ.